

ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR UM HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐAUSTURLANDS

11. MAÍ 2010

Inngangur

Eitt markmiða stjórnsýsluendurskoðunar er að veita ráðuneytum og stofnunum aðhald með ábendingum um það sem betur má fara í starfseminni. Athuganir á því hvernig brugðist er við slíkum ábendingum eru liður í ferli stjórnsýsluendurskoðunar. Slík eftirfylgni fer fram þegar u.þ.b. þrjú ár eru liðin frá útgáfu skýrslu.

Árið 2007 gaf Ríkisendurskoðun út skýrsluna *Þjónustusamningur um Heilbrigðisstofnun Suðausturlands* þar sem fram komu ýmsar ábendingar um efni og framkvæmd samningsins. Gert var ráð fyrir að þessari skýrslu yrði fylgt eftir með framangreindum hætti á árinu 2010.

Samningar um rekstur HSSA

Árið 1996 gerði heilbrigðisráðuneytið samning við reynslusveitarfélagið Hornafjörð um að veita heilsugæslu- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu og taka þar með við rekstri Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands (HSSA) af ríkinu.



Mynd tekin af vefsíðu HSSA: www.hssa.is

Árið 2000 var gerður framhaldssamningur um reksturinn þótt sveitarfélagið væri þá ekki lengur reynslusveitarfélag. Þegar sá samningur rann út árið 2003 gerðu aðilar með sér þjónustusamning sem fól í sér að sveitarfélagið annaðist rekstur heilsugæslustöðvar, sjúkradeildar, fæðingardeildar, hjúkrunarheimilis, heilabilunardeildar, þjónusturýma og dagvistar fyrir aldraða auk skrifstofuhalds.

Þegar þjónustusamningurinn rann út árið 2006 óskaði Sveitarfélagið Hornafjörður eftir því að Ríkisendurskoðun nýtti heimild til stjórnsýsluendurskoðunar á honum. Í beiðni sveitarfélagsins kom m.a. fram að unnið væri að endurnýjun samningsins en nauðsynlegt væri að kanna

hvernig gengið hefði að uppfylla markmið gildandi samnings áður en nýr yrði gerður.

Ábendingar Ríkisendurskoðunar frá 2007

Helstu ábendingar sem fram komu í fyrrnefndri skýrslu voru:

- Hlutverk aðila skulu betur skilgreind í nýjum samningi.
- Í samningi skal koma fram hvernig árangur HSSA verður metinn.
- HSSA skal setja sér gæða- og þjónustumarkmið.
- Heilbrigðisráðuneytið skal þrýsta fast á um þróun gæðamála hjá HSSA.
- Gæði þjónustu HSSA þarf að mæla með reglubundnum hætti.
- Auka þarf aðkomu skrifstofu heilsugæslu-, sjúkrahúsa- og öldrunarmála hjá heilbrigðisráðuneytinu að eftirliti með HSSA.

Gera þarf nýjan samning hið fyrsta

Þjónustusamningur heilbrigðisráðuneytisins við Sveitarfélagið Hornafjörð um rekstur HSSA rann sem fyrr segir út árið 2006. Nýr samningur hefur ekki enn verið gerður heldur er unnið eftir samningnum frá 2003. Heilbrigðisráðuneytið lagði drög að samningi fyrir fjármálaráðuneytið 5. maí 2009. Fjármálaráðuneytið svaraði drögum með athugasemdum 14. apríl 2010. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu er mikið álag í fjármálaráðuneytinu í kjölfar bankahrunsins helsta skýring þess að gerð samningsins hefur dregist svo mjög. Ríkisendurskoðun telur þetta þó ekki réttlæta seinaganginn.

Þar sem enginn samningur er í gildi mun Ríkisendurskoðun ekki kanna viðbrögð við ábendingum fyrrnefndrar skýrslu að sinni.

RÍKISENDURSKOÐUN TELUR BRÝNT AÐ HEILBRIGÐIS-RÁÐUNEYTIÐ OG SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR GANGI FRÁ NÝJUM SAMNINGI UM REKSTUR HSSA HIÐ FYRSTA. ÞAR VERÐI HLUTVERK AÐILA BETUR SKILGREIND EN Í ELDRI SAMNINGI OG FRAM KOMI MEÐ HVAÐA HÆTTI ÁRANGUR SKULI METINN.